



# GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400  
www.grenivik.is

Nefndasvið Alþingis  
Reykjavík

Mál 497, frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021.

## Umsögn Sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók málið fyrir á fundi sínum 25. maí s.l. og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlið nr. 11:

**„11. Frá nefndasviði Alþingis, mál til umsagnar, frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum – lækkun kosningaaldurs, dags. 17. maí 2023.**

*Sveitarstjórn telur að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri.“*

F.h. Sveitarstórnar Grýtubakkahrepps,

  
Dröstur Friðfinnsson, sveitarstj.

Alþingi  
V.t. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2023  
Tilvísun: LKS2023050054/0.3.1

**Efni: Umsögn landskjörstjórnar um frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál.**

Landskjörstjórn vísar til erindis stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 17. maí sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum nr. 112/2021, þingskjal 599 – 497. mál, er sent til umsagnar. Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar. Í fyrsta lagi að lækka kosningaaldur úr 18 árum í 16 ár í kosningum til sveitarstjórna. Í öðru lagi að landskjörstjórn tryggi að nýir kjósendur fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum og í þriðja og síðasta lagi er lagt til að ráðherra komi á aðgerðum til að auka fræðslu á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni á öllum skólastigum og styðja við grasrótastarf ungmenna þar sem þau læra að hafa áhrif á samfélagið á sínum eigin forsendum. Landskjörstjórn tekur ekki efnislega afstöðu við tillögu frumvarpsins um lækkun kosningaaldurs í sveitarstjórnarkosningum þar sem slíkt er á valdi Alþingi.

Hér að neðan er að finna umsögn landskjörstjórnar við frumvarpið. Landskjörstjórn er, samkvæmt 1. mgr. 12. gr. kosningalaga nr. 112/2021 sjálfstæð stjórnýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd laganna.

Verði frumvarpið að lögum mun kosningaaldur í kosningum til sveitarstjórna lækka úr 18 árum í 16 ár. Landskjörstjórn bendir á að þegar breyta á gildandi lögum verður að liggja fyrir með skýrum hætti hver ástæða breytinganna sé auk þess sem rökstuðningur þarf að fylgja breytingatillögum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur skýrlega fram að tilgangurinn með breytingunni sé að gefa ungu fólki tækifæri til þess að taka virkan þátt í mótun samfélags síns og styrkja þar með lýðræðið. Hins vegar er ekki að finna í greinargerðinni rökstuðning eða skýringar á því af hverju miðað sé við 16 ára aldur en ekki t.d. 15 eða 17 ára aldur. Kann að vera æskilegt að aflað sé upplýsinga um við hvað aldur sé eðlilegast að miða til þess að ná fram markmiði frumvarpsins og í því sambandi bent á að forsætisráðuneytið ber meginábyrgð á skuldbindingum Íslands samkvæmt Barnasáttmálanum, en málefni sem varða börn og réttindi þeirra skv. sáttmálanum snerta málefnasvið flestra ráðuneyta.

Þá er rétt að geta þess að skv. 4. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög ákveðið að lækka kosningaaldur í 16 ár í íbúakosningum á vegum sveitarfélaga á grundvelli 3. mgr. 38. gr. 4. mgr. 107. gr. og 5. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að nýr staffliður komi á eftir c-lið 1. mgr. 14. gr., laganna þannig að eitt að hlutverkum landskjörstjórnar verði að tryggja að nýir kjósendur fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum. Í 14. gr. kosningalaga er fjallað um verkefni landskjörstjórnar og í c- lið 1. mgr. 14. gr. laganna kemur fram að verkefni landskjörstjórnar sé m.a. að „veita almenningi, frambjóðendum, fjölmiðlum, kjörstjórnnum og öðrum sem annast framkvæmd kosninga upplýsingar, fræðslu og leiðbeiningar“. Það er mat landskjörstjórnar að það sé nú þegar eitt af verkefnum hennar skv. gildandi kosningalögum að veita fræðslu og leiðbeiningar til nýrra og ungra kjósenda og tryggja þannig að þeir fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum. Í greinargerð frumvarpsins er varð að kosningalögum er skilgreint hvað felst frekar í verkefnum landskjörstjórnar sbr. c-lið 1. mgr. 14. gr. laganna. Þar segir að verkefni landskjörstjórnar sé að veita almenna fræðslu til almennings, í formi bæklinga, myndbanda og upplýsinga á vef, og sértæka fræðslu til þeirra sem þurfa aðstoð við að kjósa, þeirra sem skilja ekki


íslensku, til þeirra sem kjósa í útlöndum, til þeirra sem kjósa utan kjörfundar og til ýmissa hópa eins og nýrra kjósenda.

Í frumvarpinu er lagt til við lögin bætist ákvæðið til bráðabirgða sem kveði á um að ráðherra komi á markvissum aðgerðum til að auka fræðslu á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni á öllum skólastigum og styðja við grasrótastarf ungmenna þar sem þau læra að hafa áhrif á samfélagið á sínum eigin forsendum.

Landskjörstjórn bendir á að gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra hafi það hlutverk sem kveðið er á um í ákvæðinu. Vegna þess bendir landskjörstjórn á að með nýjum kosningalögum var yfirstjórn kosningamála færð frá dómsmálaráðuneytinu til landskjörstjórnar, en landskjörstjórn er sjálfstætt stjórnvald án hefðbundinna yfirstjórnarheimilda ráðherra. Þannig voru verkefni kosninga færð frá pólitískt kjörnum ráðherra til sjálfstæðrar nefndar, sem auk þess að bera ábyrgð á framkvæmd kosninga, sinnir einnig viðvarandi verkefnum milli kosninga, s.s. fræðslu. Í ákvæðinu er annars vegar kveðið á um að auka fræðslu og samfélagslega virkni á öllum skólastigum og hins vegar að styðja við grasrótastarf ungmenna þar sem þau læra að hafa áhrif á samfélagið á sínum eigin forsendum. Rétt er að benda á í þessu sambandi að vert er að skoða hvort slík fræðsla og stuðningur eigi samlegð með fræðslu- og æskulýðsmálum og eigi að vera viðvarandi verkefni stjórnvalda s.s. í aðalnámskrám.

Sé þess óskað getur landskjörstjórn mætt á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og útskýrt umsögn þessa frekar.

Virðingarfyllst,  
f.h. landskjörstjórnar



Indriði B. Ármannsson  
Lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2023

## Efni: Umsögn Landssambands ungmennafélaga um frumvarp til laga um breytingar á kosningalögum (lækkun kosningaaldurs), mál nr. 497

Stjórn Landssambands ungmennafélaga (LUF) þakkar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fyrir að senda félaginu ofangreint frumvarp til umsagnar. Stjórn LUF vísar í fyrri umsagnir félagsins um frumvörp til lækkunar kosningaaldurs og leggur jafnframt fullan stuðning við að stíga það löngu tímabæra skref að gefa 16 og 17 ára einstaklingum tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri með þátttöku í kosningum til sveitarstjórna, skv. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir vísað til sem: Barnasáttmálinn), sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 19/2013. LUF fagnar frumvarpinu, líkt og á fyrri löggjafarþingum, en vekur sérstaka athygli á eftirfarandi:

1. Mannréttindi ungs fólks virt að vettugi
  - a. Á skjön við Barnasáttmálann
  - b. Lögræðislög skipta engu
2. Stöðnun lýðræðispróunar
  - a. Ísland er í stakk búið
  - b. Ýktur lýðræðishalli
3. Án fræðslu hlýst skaði
  - a. Kjörsókn eykst
  - b. Nauðsynleg fræðsla

### 1. Mannréttindi ungs fólks virt að vettugi

Lækkun kosningaaldurs í 16 ár hefur verið yfirlýst stefna og eitt helsta baráttumál LUF til margra ára og hefur félagið byggt þá stefnu sína á ákvæðum Barnasáttmálans ásamt samráði við fjölbreytta hópa barna og ungs fólks. Þar sem Ísland hefur lögfest Barnasáttmálann felst í því krafa á stjórnvöld að samræma landslög ákvæðum sáttmálans og vinna að markmiðum hans, sem er að *styrkja stöðu mannréttinda barna*, sbr. 1. gr. laga nr. 19/2013. Þetta hefur ekki verið raunin

þegar kemur að kosningaþátttöku og rétti einstaklinga til þátttöku í lýðræðissamfélagi þrátt fyrir skýrt ákvæði 12. gr. Barnasáttmálans. En ákvæðið tryggir börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós, og þá skyldu ríkja að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska. Þessu ákvæði er ekki fylgt hér á landi þar sem öllum einstaklingum undir 18 ára aldri er meinað um þátttöku í kosningum, og þar með að láta skoðun sína á grundvallar samfélagsmálefnum í ljós, án þess að nokkurt tillit sé tekið til þroska þeirra. En engum vísindalegum gögnum eða hlutlægum rökum er til að dreifa um hæfni einstaklinga til kosningaþátttöku út frá þroska miðað við aldur, þ.e. 18 ára, 17 ára, 16 ára eða jafn vel 78 ára og 92 ára einstaklinga, sem réttlætt gætu sviptingu kosningaréttis þeirra. Í núverandi fyrirkomulagi er því um lagalega mismunun að ræða sem ekki er hægt að styðja með málefnalegum rökum.

Þar af leiðandi hljóta íslensk stjórnvöld að gera sig sek um aldursmismunun gagnvart 16 og 17 ára ungmennum. Stríðir það gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sem og áréttingu Mannréttindadómstóls Evrópu um að: „jafnræðisreglan er brotin ef aðgreiningin á sér enga málefnalega og eðlilega réttlætingu... og ekki er eðlilegt meðalhófssamband á milli þeirra úrræða sem beitt er og þess markmiðs sem leitast er við að ná.“<sup>1</sup> Með tilliti til þess má nefna nýlegan úrskurð, sem gekk í hæstarétti Nýja Sjálands þann 21. nóvember 2022<sup>2</sup>, sem kveður á um að í kosningalögum landsins, sem skilyrða lýðræðisþátttöku við 18 ár, felist mismunum gagnvart sjálfstæðum og lögfestum mannréttindum 16 og 17 ára ungmenna. Þó svo að úrskurður þessi hafi ekkert fordæmisgildi að íslenskum rétti má þar finna mikilsverð sjónarmið sem heimfæra má á stöðuna hér á landi og ríkt tilefni er að líta til við meðferð frumvarpsins.

Þá telur LUF enn fremur alvarlegan tvískinnung felast í því að innheimta skatta og gjöld til samfélagsins af 16 og 17 ára einstaklingum, en meina þeim um sjálfsögð réttindi til að hafa áhrif á mótun og áherslur samfélagsins samhliða; í formi kosningaréttar. En slíkt misrétti var fólki t.a.m. deginum ljósara í sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjanna fyrir nærri 250 árum síðan.

#### a. Á skjön við Barnasáttmálann

Ein mikilverðustu réttindin sem felast í Barnasáttmálanum er rétturinn til stigvaxandi ákvarðanatöku og þátttöku í samfélaginu. Inntak réttindanna er að finna í 12. og 14. gr. laga nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Íslenska ríkið greip ekki til sérstakra aðgerða við lögfestingu sáttmálans til að samræma

<sup>1</sup> Daniel Moeckli, Equality and Non-Discrimination, in International Human Rights Law, 148, 157 (3rd ed. 2018).

<sup>2</sup>Úrskurður hæstaréttar Nýja Sjálands, SC 14/2022, NZSC 134:  
<https://www.courtsofnz.govt.nz/assets/cases/2022/2022-NZSC-134.pdf>.



lagaumgjörð hér á landi, og þ.a.l. kosningarétt, í samræmi við þessi réttindi barna sem staðfest voru með lögum hér á landi árið 2013. Önnur lýðræðisríki sem við berum okkur saman við hafa aftur á móti endurskoðað lýðræðishefðir og grunnstoðir samfélagsins í samræmi við lögfestingu þessara réttinda; til sjálfstæðrar skoðunarmyndunar, ákvarðanatöku og þátttöku á grundvelli þroska einstaklings fremur en aldurstölu.

Sú staðreynd að 16 og 17 ára ungmenni eru börn í lagalegum skilningi sem njóta verndar Barnasáttmálans hefur gjarnan verið notuð sem rök gegn lækkun kosningaaldurs. Sú röksemdarfærsla, að sameina allt ungt fólk í einn flokk „barna“ sem koma eigi jafnt fram við, hundsar með öllu þann stórkostlega mun á getu og kunnáttu sem til er staðar á meðal „barna“. Í því skyni væri mögulega vert að leggja mat á hvort 16 ára einstaklingur sé nær 36 ára manneskju eða 6 ára er kemur að getu til lýðræðisþátttöku. Þá hefur einnig verið talað fyrir því á Alþingi að fullorðnir ættu að vernda börn frá pólitískri misnotkun og því ætti ekki að lækka aldursmarkið. Því er hér vert að taka það fram að rannsóknir sýna að enginn marktækur munur er á vitrænni getu 16 ára ungmenna og fullorðinna. Ljóst er að 16 ára ungmenni hafa náð sama stigi siðferðislegrar rökhugsunar og fullorðnir.<sup>3</sup> Einkennist málflytningurinn sem fram hefur komið á Alþingi af óréttmætri forræðishyggju og neitar ungmönnum að njóta þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn á að tryggja þeim: réttinn til stigvaxandi ákvarðanatöku og samfélagslegrar þátttöku í samræmi við aldur og þroska.

LUF telur löngu tímabært að taka af skarið og tryggja sjálfstæð mannréttindi ungs fólks hér á landi samhliða aukinni fræðslu og þekkingarsköpun. LUF hvetur þingheim til að líta málið alvarlegum augum og nálgast það frá hlutlausu sjónarhorni. Einnig mætti nefna að ef umræðan í dag væri hvort hækka ætti kosningaaldur úr 16 ára í 18 ára væri augljós öllum sú staðreynd að með því væri um leið brotið á mannréttindum þessa aldurshóps og brotið gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Því er vert að velta fyrir sér hvort raunverulega komi brýn rök í veg fyrir að veita 16 og 17 ára einstaklingum aðgang að réttindum sínum til þátttöku í lýðræðissamfélagi.

#### b. Lögræðislög skipta engu

Í umræðum á Alþingi sem og í almennri samfélagsumræðu um lækkun kosningaaldurs hefur borið á að 16 og 17 ára einstaklingar séu ósjálfráða og hafi því ekki sjálfræði til að taka sjálfstæða ákvörðun í tengslum við kosningar. LUF bendir á að slík nálgun stenst ekki lagalega skoðun. Breyting sú sem hér er lögð til tryggir persónubundinn kosningarétt einstaklinga sem gengur framur almennum lögræðislögum. Með þessu er því tryggt að forsjáradilar ólöggráða einstaklinga hafa

---

<sup>3</sup> Megan E. Hay, Incremental Independence: Conforming the Law to the Process of Adolescence, 15 Wm. & Mary J. Women & L. 663, 679 (2009)

ekkert lagalegt forræði yfir persónubundnum kosningarétti þeirra. Enda væri forsjáaðilla t.a.m. óheimilt að opna póst til þessara einstaklinga á grundvelli laga um persónuvernd. Þá ber að geta þess að einstaklingar sem eru sviptir sjálfþæði eru ekki samhliða sviptir kosningarétti enda væri slíkt talið grafalvarlegt mannréttindabrot í lýðræðissamfélagi.<sup>4</sup> Því eru engin lagaleg rök til þess efnis að 16 og 17 ára skattgreiðendur og fullgildir samfélagsþegnar, sem njóta sjálfstæðra mannréttinda, njóti ekki réttinda til ákvarðanatöku til jafns við aðra. Öll rök sem lúta að slíkum málflutningi geta því einungis talist sem huglægt mat þar sem engum hlutlægum mælikvörðum um þroska einstaklinga og hæfni til kosningaþátttöku er til að dreifa.

Þá má enn fremur á það benda að lögræðisaldur og kosningaaldur hafa alls ekki haldist í hendur í gegnum tíðina og hefur fremur verið ósamræmi þar á, enda engin sérstök rök sem hníga í þá átt að þessi aldursviðmið þurfi að haldast í hendur, að slíkt sé nauðsynlegt eða betra en annað.

## 2. Stöðnun lýðræðispróunar

Nú þegar hafa að minnsta kosti 16 lönd eða svæði heims lækkað kosningaaldurinn og enn fleiri hafa gert þetta á t.d. sveitarstjórnarstigi. Austurríki var fyrst til að taka skrefið árið 2007 og þá í öllum almennum kosningum þar í landi<sup>5</sup>, þá hefur Malta sömuleiðis lækkað sinn kosningaaldur, fyrst í sveitarstjórnarkosningum 2017 og svo með einróma stjórnaskrárbreytingu árið 2018<sup>6</sup>. Í kosningum í Skotlandi og Wales er kosningaaldur 16 ára<sup>7</sup> og þá hafa Þjóðverjar lækkað kosningaaldur til Evrópuþingsins niður í 16 ár auk þess að almenn lækking er á stefnuskrá stjórnvalda.<sup>8</sup> Því er vel tímabært að Ísland, sem stærir sig af því að vera eitt af fyrstu löndum heims til að veita konum kosningarétt og kjósa fyrstu konuna sem forseta, haldi áfram að standa undir þeirri ábyrgð að vera fyrirmynd annarra ríkja þegar kemur að lýðræðispróun, framfylgi Barnasáttmálanum og færi ungu fólki aukin réttindi með lækkingu kosningaaldurs.

---

<sup>4</sup> Laurence Steinberg (2009), „Are adolescents less mature than adults? *The American Psychologist* 64(7): 583–594: <https://www.apa.org/pubs/journals/releases/amp-64-7-583.pdf>

<sup>5</sup> The Danish Youth Council (e.d.). „Votes at 16: A vote for the young people“ <http://www.cje.org/descargas/cje4965.pdf>

<sup>6</sup> „16-year-olds granted the vote in national elections: Parliament unanimously votes to amend Constitution.“ Times of Malta, 05.03.2018, <https://timesofmalta.com/articles/view/16-year-olds-granted-the-vote-in-national-elections.672453>

<sup>7</sup> (n.d.). Types of election, referendums, and who can vote. GOV.UK. Sótt 25 maí 2023, af <https://www.gov.uk/elections-in-the-uk/>

<sup>8</sup> (2021, 22. október). Votes at 16 backed in German coalition talks after success of Fridays for Future. The Guardian. Sótt 25. maí, 2023, frá <https://www.theguardian.com/world/2021/oct/21/germany-coalition-candidates-united-lowering-voting-age-16>

a. Ísland er í stakk búíð

Vanda verður til verka og vitað er að ráðast verður í aðgerðir samhliða lækkun kosningaaldurs. Gildu rökin fyrir því að lækka ekki kosningaaldur eru ekki lagalegs eðlis, heldur hafa þau einungis með það að gera hvar lönd eru stödd í lýðræðislegri þróun, þ.e.a.s. í stakk búin til þess að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja ungu fólki þessi réttindi. Þá er því velt upp hvort lönd séu tilbúin að taka stórt og mikilvægt skref í átt að eflingu lýðræðis. Þetta skref er þó minniháttar í ljósi sögunnar, sér í lagi samanborið við kosningarétt kvenna. En síðan þá hefur lýðræðið þróast og æ fleirum veitt þessi grundvallarmannréttindi. Er lækkun kosningaaldurs því eðlileg lýðræðisþróun.

Á 146. löggjafarþingi stóðu þingmenn andstæðir lækkun kosningaaldurs fyrir málþófi til að tefja atkvæðagreiðslu um frumvarpið í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningar, en öruggur meirihluti var talinn vera á þingi fyrir lækkun kosningaaldurs. Rök þeirra þingmanna sem fremstir voru í flokki að tefja afgreiðslu málsins, og komu í veg fyrir að um níu þúsund ungmenni fengju tækifæri til að hafa áhrif á sín nærsamfélög, voru ýmst tengd lögræðisaldrinum, en þeim málflutningi hefur þegar verið vísað á bug að ofanverðu. Einnig komu fram rök um að breytingin væri ekki tímabær. Þau rök standast heldur ekki skoðun í ljósi stöðu Íslands sem vestrænt velferðarsamfélag með sterkar lýðræðisstofnanir.

Í fyrri umræðum Alþingis sem litaði einnig samfélagsumræðuna var því einnig ranglega haldið fram að 16 og 17 ára einstaklingar hefðu ekki þroska til að kjósa. Fræðimenn, m.a. við Oxford-háskóla hafa rannsakað hvort svo sé. Þær rannsóknir færa rök fyrir því hvers vegna það ætti einmitt að lækka kosningaaldur og hafna þeim rökum að 16 og 17 ára einstaklingar hafi ekki nægan þroska til að kjósa. Það er meðal annars byggt á reynslusálfræði og vitrænum þáttum. Tilvik Austurríkis hefur verið rannsakað og í ljós kom að þegar kosningaaldur var lækkaður hvarf munurinn á pólitískri þekkingu á milli 16-17 ára ungmenna og eldri ungra kjósenda. Á milli þessarra hópa er enginn marktækur munur á pólitískri þekkingu. Niðurstaðan er sú að þó svo að allt ungt fólk búi ekki yfir „pólitískum þroska“ ætti samt að lækka kosningaaldur. Rannsóknir hafa sýnt að ófullnægjandi pólitískur þroski sé afleiðing kerfis sem útilokar ungmenni. Getur skortur á þroska því ekki verið notað til að réttlæta kerfislega útilokun sem takmarkar einmitt þennan þroska. Út frá virðingamiðaðri nálgun á lýðræði er réttur til að kjósa byggður á virðingu fyrir sjálfstæðri getu samfélagsþegna.<sup>9</sup>

<sup>9</sup> Tommy Peto (2017) „Why the voting age should be lowered to 16“

<https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/1470594X17705651>

og (2020) Too Immature to Vote? A Philosophical and Psychological Argument to Lower the Voting Age [https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=3681314](https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=3681314)

LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA / THE ICELANDIC YOUTH COUNCIL

RAFSTÖÐVARVEGUR 7, 110 REYKJAVÍK

SÍMI / PHONE: (+354) 561 1100

NETFANG / EMAIL: youth@youth.is



### b. Ýktur lýðræðishalli

Þá verður einnig að líta til lýðfræðilegrar þróunar landsins, en miðað við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, þá munu á næstu árum og áratugum verða verulegar breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar, þar sem hlutfall ungs fólks fer minnkandi. Gefur auga leið að sú þróun ýkir enn frekar aldurstengdan lýðræðishalla sem þegar er til staðar. Ákvarðanir sem teknar eru í dag hafa mest áhrif á yngstu kynslóðirnar sem samt sem áður hafa minnst um þær að segja.

Ofan á lýðræðishallann bætist við aðgerðarleysi stjórnvalda í málaflokki ungs fólks sem grefur ennfremur undan samfélagsþátttöku yngri kynslóða. Má í því samhengi nefna að stjórnvöld rækja ekki skyldur sínar á grundvelli æskulýðslaga nr. 70/2007 við að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu ungmennastarfi<sup>10</sup> sem og að stuðla að rannsóknum og þar með þekkingarsköpun um stöðu ungs fólks hér á landi. Þá hafa stjórnvöld að auki ekki sinnt tilmælum Evrópuráðsins um að viðurkenna starf LUF sem landssamband ungmennafélaga á Íslandi (e. National Youth Council, NYC) þó svo að alþjóðastofnanir og erlendir aðilar geri það. Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld, eitt fárra landa heims, ekki sett sér heildræna landsstefnu í málefnum ungs fólks (e. National Youth Policy) á Íslandi þrátt fyrir að Sameinuðu þjóðirnar hafi árið 1985 beitt þau lönd þrýstingi sem ekki höfðu sett sér slíka stefnu. Getur því frammistaða íslenskra stjórnvalda, er kemur að þessum aldurshóp, því ekki talist til fyrirmyndar.<sup>11</sup> Væri þó lækkan kosningaaldurs og með því aukin mannréttindi og aðgengi ungs fólks að lýðræðisþátttöku, skref í rétta átt og frekar í takt við nýleg fagurgaul stjórnvalda á alþjóðavettvangi (áherslumál forsætis Íslands hjá Evrópuráðinu sem og Norrænu ráðherranefndinni) sem hingað til hefur reynst lítil innistæða fyrir.

### 3. **Án fræðslu hlýst skaði**

Eins og LUF benti á við undirbúning málsins fyrir 146. löggjafarþing dugar ekki að lækka kosningaaldur, heldur er nauðsynlegt að gera ráðstafanir samhliða því, með fræðslu til þeirra sem eru að kjósa í fyrsta sinn. Ennfremur þarf að viðurkenna verðmæt framlög ungmennafélaga, sem leidd eru af ungu fólki, til að stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku ungs fólks og tryggja fjármagn til verkefna slíkra félaga. Gott dæmi um slíkt verkefni er #ÉgKýs, en kjörsókn í kjölfar átaksins jókst mest hjá

---

<sup>10</sup> En ungmennastarf er liður í uppbyggingu borgarasamfélagsins, því ætti að líta á það sem almannaheill og á að vera meðhöndlað sem slíkt af ríkisvöldum.

<sup>11</sup> Sjá skýrslu um stöðu ungmennageirans á Íslandi:

<https://luf.is/wp-content/uploads/2021/02/Staða-ungmennageirans.pdf>.

LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA / THE ICELANDIC YOUTH COUNCIL

RAFSTÖÐVARVEGUR 7, 110 REYKJAVÍK

SÍMI / PHONE: (+354) 561 1100

NETFANG / EMAIL: youth@youth.is

yngstu kjósendunum 18-19 ára á milli alþingiskosninga, eða um 9,5% (úr 68,7% árið 2016 í 75,2% árið 2017)<sup>12</sup>.

a. Kjörsókn eykst

Rímar árangur #ÉgKýs verkefnisins við niðurstöður rannsókna á kosningaþátttöku frá m.a. Skotlandi og Þýskalandi þar sem farsæl lækkun kosningaaldurs bendir sterklega til aukinnar kjörsóknar til framtíðar<sup>13</sup>.

Ofangreind niðurstaða gefur góða vísbendingu um árangur #ÉgKýs þar sem verkefnið leggur mesta áherslu á yngsta kjósendahópinn. Niðurstaða eftirfylgnirannsóknar frá 2016 var nokkuð afgerandi og leiddi í ljós að þeir sem tóku þátt í skuggakosningum voru líklegri til að kjósa í alþingiskosningunum en þeir sem ekki tóku þátt<sup>14</sup>. LUF leggur kapp á að stuðla að slíkri þekkingarsköpun og því er hér minnt á mikilvægi þess að ríkið styðji við rannsóknir á kosningaþátttöku ungs fólks, sérstaklega ungra karla, innflytjenda og annarra jaðarsettra hópa. Þó ýmis teikn séu á lofti um dræma kosningaþátttöku þessara hópa verður ekki hægt að bregðast við með viðunandi hætti án aukinnar þekkingar.

b. Nauðsynleg fræðsla

LUF ítrekar nauðsyn fræðslu samhliða lækkun kosningaaldurs í ljósi þess að til eru misheppnuð dæmi um lækkun hans án fræðslu (t.d. í Noregi). Rannsóknir hafa einnig sýnt að ef fólk tekur ekki þátt í fyrstu kosningunum eftir að hafa náð kosningaaldri getur það orðið að normi og dregur úr líkum á þátttöku til lengri tíma. Fræðimennirnir þau Magnús Þór Torfason og Hulda Þórisdóttir vöktu athygli á því í erindi<sup>15</sup> sem þau unnu upp úr greiningu eftirfylgnirannsóknar skuggakosninga 2016. Þessu verður að taka alvarlega og einnig að horfa til þeirra rannsókna sem benda til þess að verkefni eins og #ÉgKýs upplýsingaherferðin og skuggakosningar geta aukið kjörsókn<sup>16</sup>. Ef ekki er tekið tillit til rannsókna er hættu á að markmiðið með lækkun kosningaaldurs snúist upp í andhverfu sína, því leggur LUF svo ríka áherslu á að ná til þeirra sem eru að kjósa í fyrsta sinn.

<sup>12</sup> Hagstofan. (2017). „Aukin kosningaþátttaka ungra kjósenda“

<https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/kosningar/althingiskosningar-28-oktober-2017/>

<sup>13</sup> The London School of Economics and Political Science (20. október, 2022). Evidence from Germany: Does reducing the voting age to 16 lead to higher turnout at elections? EUROPP - European Politics and Policy. Sótt 25. maí, 2023, af

<https://blogs.lse.ac.uk/europpblog/2022/10/20/evidence-from-germany-does-reducing-the-voting-age-to-16-lead-to-higher-turnout-at-elections/>

<sup>14</sup> Lokaskýrsla #ÉgKýs 2016: <http://2017/08/LOKASKÝRSLA-ÉGKÝS.pdf>

<sup>15</sup> Magnús Þór Torfason og Hulda Þórisdóttir. (2017). „Ég Kýs ekki glæpamenn: Hvers vegna ungt fólk kýs ekki og hvernig má breyta því.“ Þjóðarspejillinn 2017 - Ráðstefna í félagsvísindum.

<sup>16</sup> Norræna Ráðherranefndin. (2017). „Youth, democracy, and democratic exclusion in the Nordic countries.“: <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1166647&dswid=1638>

LUF skorar á Alþingi Íslendinga að taka skrefið í átt að auknu lýðræði og samþykka frumvarpið. Í því felst löngu tímabær innleiðing Barnasáttmálans og veitir yngra fólki mikilsverð borgaraleg réttindi. Þar með er ungu fólki sem til þess hefur þroska sýnd virðing í verki og treyst fyrir raunverulegu valdi til að hafa áhrif á samfélagið sitt. Engin haldbær rök eru til staðar sem réttlæta útilokun þessa þjóðfélagshóps frá grundvallarréttindum á borð við lýðræðispáttöku.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar LUF,



---

*Tinna Isebarn,  
Framkvæmdastjóri LUF  
tinna.isebarn@youth.is*



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

**Sendandi:** Reykjavíkurborg

---

***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaldurs), 497. mál***

Reykjavíkurborg ítrekar meðfylgjandi umsögn ódags., um frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum.

Virðingarfyllst,  
Anna Kristinsdóttir  
Miðlæg sjórnslá  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Umsögn

Alþingi, nefndasvið  
Netfang: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni:** Umsögn Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 149. löggjafarþing 2018-2019, þingskjal 434 — 356. Mál.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar styður frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnu sem Reykjavíkurborg hefur þegar markað í skóla- og frístundastarfi en barnasáttmálinn er grundvöllur hennar. Í 12. grein sáttmálans segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Nýverið var samþykkt ný menntastefna hjá Reykjavíkurborg en andi hennar styður við þessa breytingu. Menntastefnan var samþykkt í nóvember 2018 og unnin í samstarfi við þúsundir borgarbúa. Eitt af aðal leiðarljósum stefnunnar er virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun, félagsfærni og lýðræðisleg vinnubrögð þar sem börn fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Með virkri lýðræðiskennslu öðlast börn færni í því að móta samfélagið sem þau tilheyra. Í lagafrumvarpinu er mikilvægi lýðræðisfræðslu til fyrstu kjósenda ávarpað verði kosningaaldur lækkaður og þykir innleiðing á menntastefnunni vera gott verkfæri til að veita þá fræðslu sem þörf er á.

Önnur breyting hjá Reykjavíkurborg þessu efni tengd eru breytingar á kosningaaldri í íbúalýðræðisverkefninu *Hverfið mitt*. Í samráði við ungmennaráð Reykjavíkur var ákveðið að lækka kosningaaldurinn í verkefninu úr 16 ára niður í 15 ára og var þar stigið stórt skref í þá átt að auka áhrif ungs fólks á nærumhverfi sitt. Frá því að verkefnið hóf göngu sína árið 2011 hefur kosningaaldurinn verið 16 ár.

Að lokum lýsum við yfir ánægju með þann tíma sem gert er ráð fyrir að sé til undirbúnings því það gefur færi á að vanda alla framkvæmd. Líkt og nefnt er undir hlutanum *Fræðsla* í ábendingum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í frumvarpinu getur hegðun fólks í fyrstu kosningum slegið tóninn varðandi það hvort fólk nýti sér kosningarréttinn í framtíðinni.

**Viljum vekja athygli á eftirfarandi:**

Í undirkaflanum *Réttindi og skyldur barna* er notast við orðalagið forsjárforeldrar annars vegar og foreldrar hins vegar. Við leggjum til að þessum orðum verði skipt út fyrir orðið forsjáraðilar. Þannig verði komið til móts við allar fjölskylduaðstæður sem kunna að vera til staðar.





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. maí 2023

2305033SA VRB  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um breytingar á kosningalögum, 497. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um breytingar á kosningalögum, 497. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum sé lækkaður úr 18 árum í 16. Jafnframt er sú skylda sett á landskjörstjórn að hún tryggi að nýir kjósendur fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum. Með nýju bráðabirgðaákvæði er einnig gert ráð fyrir að ráðherra skuli koma til framkvæmda markvissum aðgerðum til að auka fræðslu á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni á öllum skólastigum og styðja við grasrótarstarf ungmenna þar sem þau læra að hafa áhrif á samfélagið á sínum eigin forsendum.

### **Afstaða sambandsins**

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur það lengi verið í umræðunni hvort að tilefni sé til að lækka kosningaaldur. Á 151. löggjafarþingi var tillaga um lækkan kosningaldurs til umræðu. Þegar umsagnir við þáverandi frumvarp eru skoðaðar sést vel hversu skiptar skoðanir eru á málinu. Hvað sveitarfélögin varðar þá eru umsagnir sveitarstjórna heilt yfir neikvæðar. Jákvæðari tón má sjá í umsögnum ungmennaráða sveitarfélaganna þó að þar séu skoðanir einnig skiptar. Þeir sem leggjast gegn breytingunni benda iðulega á að kjörgengi miðist við 18 ár og að rétt sé að kjörgengi og kosningaréttur fylgist að. Þeir sem eru hlynntir breytingunni benda aftur á móti á að einstaklingar verða skattskyldir við 16 ára aldur og því sé eðlilegt að miða kosningaaldur við þann aldur. Jafnframt er bent á þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár þar sem aukin áhersla er lögð á réttindi barna, þ.m.t. rétt þeirra til að hafa áhrif á sitt eigið líf og samfélagið í heild.

Á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur ekki verið mótuð stefnu um það hvort að rétt sé að lækka kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum í 16 ár. Hins vegar er í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 m.a. að finna eftirfarandi markmið:

Sambandið haldi áfram að byggja upp þekkingu í sveitarfélögum á markvissum aðferðum til íbúasamráðs og -þátttöku á grundvelli handbókar sambandsins og stefnumótandi áætlunar um málefni sveitarfélaga.

Sambandið beiti sér fyrir því að auka kosningaþátttöku og almenna lýðræðisþátttöku allra íbúa. Lögð verði sérstök áhersla á þekkingaruppbyggingu og aðgerðir til að ná til íbúa af erlendum uppruna og ungs fólks og aðgerðir til að auka kosningaþátttöku og lýðræðislega virkni þessara hópa, í gegnum tilheyrandi ráð og aðgerðir.

Sambandið styðji við að sveitarfélögin komi upp virkum ungmennaráðum og auki samráð við börn og ungmenni. Stjórn sambandsins fundi með ungmennaráðum sveitarfélaganna um málefni sem þau vilja að sambandið vinni að.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands var kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum á árunum 1962 – 2002 á bilinu 82-87%. Árið 2006 fer hins vegar að halla undan fæti og kosningaþátttaka í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2022 var einungis 62,8%. Ef yngsti aldurshópurinn er skoðaður, þ.e. 18-29 ára, kemur í ljós að kosningaþátttaka hans var eingöngu 46%. Ljóst er því að grípa þarf til markvissra aðgerða til að snúa þessari þróuninni við. Eins og fram kemur í fyrrgreindum stefnumarkmiðum er sambandið boðið og búið að taka þátt í slíkri vinnu, hvort sem hún fer fram á vettvangi þingsins, ráðuneyta eða landskjörstjórnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn Sambands ungra sjálfstæðismanna vegna frumvarps til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs). 153. Löggjafarþing 2023-2023. Þingskjal 599 - 497. mál.**

Sambandi ungra sjálfstæðismanna (SUS) barst umsagnarbeiðni frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs).

SUS telur það ekki gáfulega hugmynd að lækka kosningaaldur niður í 16 ára aldur í núverandi lagaumhverfi. Vert er að benda á að 16 ára einstaklingum er ekki treyst til þess að hafa ökuréttindi, versla tóbak eða áfengi, ganga í hjónaband, taka lán, eða kaupa hlutabréf og stofna rafræn skilríki án samþykkis forsjáraðila. Eru aldursskilyrði fyrir slíku ýmist bundin við 18 eða 20 ára aldur. Skýtur það skökku við að aðila sem þarf forsjáraðila til að taka ákvarðanir um sjálfan sig, verði falinn réttur til að taka ákvarðanir um aðra.


Þá er í umræðunni um lækkun kosningaaldurs oft bent á það að einstaklingar byrja að greiða tekjuskatt af launum við 16 ára aldur. SUS setur sig auðvitað upp á móti skattlagningu ríkisborgara sem hafa ekki kosningarétt. Því leggur SUS til þá lausn að halda kosningaaldri við 18 ára aldur, hækka aldurinn þar sem einstaklingar byrja að greiða tekjuskatt í 18 ára og lækka aldurinn til kaupa á áfengi einnig í 18 ára.

Raunar telur SUS brýnt að samræma aldursskilyrði laga við sjálfræðisaldur, 18 ár, en önnur aldursskilyrði, meðal annars þau framangreindu, fela í sér óþarfa flækjustig í löggjöf sem ber að forðast.

Með því móti myndi 18 ára afmæli einstaklinga á Íslandi vera skýr kaflaskil á lífsleiðinni þar sem einstaklingar teljast fullorðnir og fullfærir um að taka ákvarðanir um sjálfa sig sem og aðra með beitingu kosningaréttar. Á þann hátt væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi og leysa flestar deilur um rétt einstaklings til sjálfsákvarðana.

26. maí 2023

Fh. Sambands ungra sjálfstæðismanna

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lísbet Sigurðardóttir', written in a cursive style.

Lísbet Sigurðardóttir, formaður

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Skagafjörður, 25. maí 2023  
nr. erindis 2305142 KJ

Á 49. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 24. maí 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

### Umsagnarbeiðni; frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 17. maí 2023 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 26. maí nk.

Ál-hildur Leifsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Að lækka kosningaaldur eins og víða hefur þegar verið gert í nágrennalöndum okkar skiptir miklu máli fyrir samfélagið. Lækkun kosningaaldurs kemur til með að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á nærsamfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur, en þátttaka ungs fólks í kosningum til löggjafarþings og sveitarstjórna hefur verið dræm. Ungt fólk hefur sýnt með mjög afgerandi hætti að það getur verið drifkraftur breytinga, t.d. með #meetoo og #freethenipple byltingum sem knúðu fram samfélagsbreytingar með öflugri og hraðari hætti en þeir sem eldri eru hafa náð fram. Fólk á aldrinum 16 - 17 ára á að fá tækifæri til að bæta samfélagið sem þau munu erfa með því öfluga verkfæri sem kosningarétturinn er.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar

  
Kristín Jónsdóttir  
skjalastjóri





## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Reykjavík, 25. maí 2023

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál.**

Vísað er til erindis stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál. Á fyrri löggjafarþingum hefur lækkun kosningaaldurs ítrekað verið til umfjöllunar og með hliðsjón af því vísar umboðsmaður barna til fyrri umsagnar embættisins um lækkun kosningaaldurs frá árunum 2019 og 2021. Fylgir efni þeirra hér að neðan.

Lýðræðisleg þátttaka barna og ungmenna snýst um fleiri þætti en lækkun kosningaaldurs eins og lýðræðislegt samráð og möguleika á áhrifum á fyrri stigum ákvarðanatöku hjá ríki og sveitarfélögum. Í samtölum embættis umboðsmanns barna við ungmenni hefur komið fram skýrt ákall um að efla þurfi fræðslu um lýðræði, stjórnkerfi og stjórnámál í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum.

Einn af grunnþáttum aðalnámsskrár grunnskóla er lýðræði og kemur þar fram að skólar eigi að rækta þá þekkingu sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Ýmsar aðrar leiðir eru jafnframt til þess færar að virkja börn til þátttöku í sínu nærsamfélagi og þá ekki aðeins þau sem eru 16 ára eða eldri heldur einnig yngri börn. Má þar einkum nefna starf ungmennaráða hjá sveitarfélögum með þátttöku fjölbreytilegs hóps ungs fólk. Embætti umboðsmanns barna hefur lengi beitt sér fyrir lögfestingu ungmennaráða sveitarfélaga sem umboðsmaður telur mikilvæga leið fyrir ungt fólk til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í lýðræðislegu samtali í nærumhverfi sínu.

Með vísan til framangreinds vill umboðsmaður barna hvetja Alþingi til að móta skýra sýn og stefnu um eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna og ungmenna í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

## Umsagnarbeiðni; frumvarp til laga um breytingar á kosningalögum

Við viljum byrja með að þakka eindregið fyrir beiðni um umsögn og hrósum við framtaki nefndarinnar við að ná í sem fjölbreyttustu skoðanir. Viljum við líka segja að við viljum og mælum með eindregið að lækka kosningaaldurs, þó við teljum æskilegast að aldurinn verði lækkaður niður í 16 ár, þá værum við og erum með því að lækka hann niður í 17 ár.

Við styðjum málefnið vegna nokkurra ástæðna, hin fyrsta er sú að einstaklingar byrja að borga skatt 16 ára og teljum við það sé hornsteinn líýðræðis samfélags að fólk sem borgi skatta fá að segja eitthvað um það, erum við annars ekkert betri heldur en alræði konungsveldisins fyrr á tímum, þar sem almenningur fékk ekkert um lög og skatti að segja. Má nefna sem dæmi um mikilvægi þess uppreisn nýlenda Breta í Norður Ameríku sem endaði í einum ef ekki fyrsta nútíma líýðræðisskipulagi í sögu mannkynsins.

Önnur er sú að við sem líýðræðislegt samfélag eigum að leyfa 16 ára að segja sína skoðun og hafa áhrif, þar sem 16 ára einstaklingar eru til dæmis nú þegar í grunnskólum sem lúta reglum frá Alþingi og sveitarstjórnnum, er þá spurningin af hverju fólk sem er búið með grunnskóla og þá hugsanlega vera búið með framhaldsskóla hefur bein áhrif á menntun þessa sömu 16 ára einstaklinga þegar þessir 16 ára einstaklingar sjálf fá það ekki, jafnvel þó að þau eru í skólakerfinu sjálfu. Er þetta bara eitt dæmi um allt það sem Alþingi og Sveitarstjórnir hafa áhrif á í hið daglega lífi 16 ára einstaklinga en má nefna vinnu og lög tengd því, samfélagsmál og svo en aftur skattmál sem dæmi.

En eins og það eru rök þá eru mótrök, viljum við koma með nokkra punkta á móti mótrökunum hér. Ein af vinsælustu mótrökunum er sú að 16 ára og þá 17 ára einstaklingar hafa ekki áhuga á stjórnsmál og þar af leiðandi að kjósa. Er okkar skoðun sú að það er bara náttúrulegt að þau hafa ekki áhuga því af hverju myndi maður hafa einhvern áhuga á því sem maður getur ekki gert, tölum við þá að með lækkun kosningaaldurs mun áhuginn koma sjálfkrafa með, þó vissulega mundi það taka tíma til að gerast. Tengjast þetta líka öðrun mótrökum er sú að 16 ára og 17 ára einstaklingar hafa hreint ekki viti til að kjósa. Þó vissulega mundu kannski ekki allir vita hvað þeir eiga að gera með sínum nýfengna rétti hvað þá hvað þeir eiga að kjósa. Tölum við að það sé einfaldlega fórn sem við þurfum að fremja með lækkun kosningaaldurs. Má líka segja að þetta sé alveg hið sama með þá sem hafa kosningarétt t.d. Í Alþingiskosningum árið 2021 var kjörsókn 80,1% og eru aflaut einhver sem kys flokk bara vegna þess að foreldrar þeirra kjósa hann eða bara af handahófi. En teljum við að það sé ekki okkar verk í líýðræðissamfélagi að velja og ákveða fyrir aðra hvort þeir hafa hæfnina eða vitið til að kjósa. Er þetta einmitt það sem gerir okkur að líýðræðissamfélagi það að við samþykktum að allir eru öðruvísi og hafa ólíkar skoðanir. Það að við treystum fólki til að taka þá ákvörðun sem þeim líður best með, jafnvel þó að við erum ósámmála þeim.

Viljum við að lokum segja að við teljum þetta ekki vera mál þar sem “fullorðnir eru settir á móti unglíngum” eða eitthvað annað. Heldur teljum við þetta snúast um, það að, eins og áður hefur verið nefnt, við treystum okkar nánustu. Og það að við fáum sem besta þekkingu og sem mest af ólíkum skoðunum til að leysa málin, því munum við bara leysa þau með að fá allar hliðar af teningnum og teljum við lækkun kosningaaldurs vera ein sú besta leiðin til þess. Því hvernig munum við geta leysa eitthvað t.d. Skólasmál, ef við, eins og í þessu dæmi, höfum ekki reynslu

og rödd, fullorðna, þau sem eru foreldrar og kennarar, og hin ungu, þau sem eru nemendur sjálfir. Þó frumvarpið verði ekki að lögum, þökkum við öllum sem komu að því og beiðninni, því erum við að gera hér, það sem gerir okkur að lýðræði, það að hlusta á þann sem er við hliðina á þér og ræða ólíka styrkleika og punkta. En erum við gjarnan til í að útskýra okkar hlið nánar hvort sem það mun vera gegnum fund eða annan hátt ef nefndin óskar eftir því.

Virðingarfyllst  
Stjórnar Ungra Pírata



## Umsögn frumvarpi til laga

*um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs)*

Stjórn Ungheilla þakkar stjórnskipunar-og eftirlitsnefnd Alþingis fyrir að senda ráðinu umsagnarbeðni og hrósum við framtaki nefndarinnar að hafa leitað til barna og ungmenna. Ungheill tekur undir umsögn Landssambands ungmennafélaga um hið sama frumvarp.

### **Börn og ungmenni hafa áhrif**

Ungt fólk á heimsvísu hafa krafist til réttar síns að taka þátt í því lýðræðis samfélagi sem við búum í. Ungt fólk hefur verið drifkraftur í samfélagslegum byltingum, til dæmis #metoo, loftslagsverkföllinn, réttindabaráttu hinsegin einstaklinga og fólk á flóttu, og byltinguna í framhaldsskólum varðandi kynbundnu ofbeldi. Ungmenni eru mun róttæknari og sjá heiminn með öðru sjónarhorni en þeir sem eldri eru. Þátttaka ungs fólks mun stuðla að nýsköpun og betra samfélagi.

### **Nauðsynleg fræðsla**

Helstu rökin gegn lækkun kosningaaldurs eru þau að 16 og 17 ára börn hafa ekki þann þroska til að kjósa. Ungheill er á þeirri skoðun að aldur og þroski er ekki vandamálið, heldur skortur á upplýsingaflæði, fræðslu um stjórnmál og um kosningakerfið sem er höfðað til barna og ungmenna.

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og Landssamband ungmennafélaga (LUF) hafa haldið utan um verkefnið #ÉgKýs í framhaldsskólum landsins. Þar lærir ungt fólk að kjósa og er verkefnið hvetjandi fyrir ungmenni að taka þátt í kosningum þegar þau hljóta kosningarétt. Samkvæmt tölfræði SÍF og LUF hefur kjörgengi ungmenna á aldrinum 18-19 ára aukist eftir verkefnið hóf að stað, eða um 9,5% milli árána 2016-2017. Þessi umtalaða hækkun á kjörgengi sýnir fram á að því fyrr sem ungmenni auðlast fræðslu um kosningakerfið, því meiri aukning er á kjörgengi og þátttaka ungmenna í lýðræði. Skólaskylda endar þó eftir grunnskólann, og þar með fara ekki allir í framhaldsskóla þar sem #ÉgKýs á sér stað.



Það er bráðnauðsynlegt að kenna stjórn málafræði og kosningakerfið í grunnskólum til að tryggja þess að öll börn hljóti fræðslu um hvernig þau geta fullnýtt lýðræði sitt. Við sjáum þátttöku ungmenna í lýðræðislegri kosningu lykilatriði til að tryggja raunverulegt lýðræði í okkar samfélagi.

### **Brot á réttindum barna**

Nýlega dæmdi hæstiréttur Nýja-Sjálands þess að 18 ára aldurstakmark á kosningum er mannréttindabrot gegn ungmennum. Ungheill tekur þeim dómi alvarlega og krefst þess að Ísland verður til fyrirmyndar í mannréttindum ungs fólks.

Þátttaka og lýðræði barna er ritaður í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (12, 13, og 14.gr). Þær greinar tryggja rétt barna að tjá sínar skoðanir og til þátttöku. Barnasáttmáli SP hefur verið lögfestur í íslenskum lögum síðan árið 2013 og bera stjórnvöld og aðrir fullorðnir lagalega skyldu til að tryggja þess að hann verður framfylgdur. Núverandi kosningaraldur skarist í ákvæði í Barnasáttmála SP. Stjórnvöldum ber skyldu að virða skoðun barna (12.gr), börn eiga frelsi til að deila hugmyndum sínum (13.gr) og börn hafa skoðana og trúarfrelsi (14.gr). 16 og 17 ára eru enn börn og eiga stjórnvöld að tryggja þeirra réttindi.

Þegar börn eru komin á 16. ár þurfa þau að greiða tekjuskatt. Sá peningur fer í ríkissjóð og stjórnvöld taka ákvörðun hvað er gert við þann peninginn. Allir sem greiða tekjuskatt ættu að hafa rétt til þess að segja til hvernig sá peningur er eyddur. Eina leiðin fyrir almenning að ákveða hvernig fjármagn ríkisins er nýtt er í gegnum kosningar. Börn á aldrinum 16-17 ára hljóta ekki þau sömu réttindi og aðrir skattgreiðendur, sem er óboðlegt í lýðræðissamfélagi.

Ísland hefur enn ekki sett skýra ungmennastefnu (e. National Youth Policy) þrátt fyrir ítrekun Evrópuráðsins, og er Ísland eitt af örfáu löndum í heiminum sem á enn eftir að innleiða heilræna ungmennastefnu. Metnaðarleysi íslenskra stjórnvalda að innleiða ungmennastefnu er birtingarmynd á skorti á forgangsröðun þeirra að réttindum barna og ungmenna. Íslensk stjórnvöld þurfa að taka sig á varðandi lýðræðisrétt barna. Við sjáum





lækkun kosningaaldurs vera kjörið tækifæri Íslands til að vera til fyrirmyndar aðra þjóða og vera leiðandi í lýðræðisþátttöku ungmenna.

### **„Við erum framtíðin, við erum núna.”**

„Við erum framtíðin, við erum núna” er slagorð Ungheilla. Börn og ungmenni eru framtíðin og ákvarðanir sem hafa langtíma áhrif á samfélagið þurfa að vera gerðar í samráði við börn og ungmenni. Málefni eins og loftslagsáhrifin, menntakerfið, frístundastörf, heilbrigðismál, samgöngumál og jafnréttismál eru dæmi um mál sem hefur bein áhrif á börn og ungmenni. Það er þó oft gleymt því að málefni sem varða fullorðna muna einn dag hafa áhrif á núverandi börn og ungmenni, eins og verkalýðsmál, málefni aldraða og húsnæðismál.

Flest ef ekki öll mál sem koma á borðið í sveitarstjórn og á Alþingi snerta börn og ungmenni. Þess vegna er óboðlegt að ungmenni fá ekki að hafa völd yfir hverjir muna taka ákvörðun fyrir þeirra eigin hönd. Ef núverandi kosningaraldur viðheldur sér, þá er verið að neita þátttöku ungs fólks. Frambjóðendur til kosninga gætu horft á sjálfráða einstaklinga sem einu umbjóðendum sína, og hafa þar með ekki réttindi og hagsmuni barna og ungmenna sem leiðarljós í sinni vinnu.

Ungheill, ungmennaráð Barnaheilla styður frumvarpi til laga um breytingu á kosningalögum (lækkun kosningaaldurs). Lækkun kosningaaldurs 16 ára aldurs er ekki aðeins stórt skref í réttindabaráttu barna og ungmenna, en einnig sönnun að stjórnvöld vilja í raun hlusta á raddir og skoðanir barna og ungmenna.

Við erum framtíðin, við erum núna!

Virðingarfyllt

- stjórn Ungheilla, ungmennaráð Barnaheilla

Undirritar Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir, formaður Ungheilla

